



Hreppsnefnd 8. febrúar 2001

Fudnur haldinn í hreppsnefnd Vopanfjarðarhrepps fimmtudaginn 8. febr. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Erla Runólfsdóttir, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar, síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. jan. sl. Samþykkt samhljóða.

2. mál. Fudnargerð menningamálanefndar 31. jan. sl. Nokkur umræða var um fundargerðina og fyrirhugaða Vopnafjarðardaga. Ýmsar hugmyndir komu fram um samkomuhaldið. Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

3. mál. Fudnargerð hafnarnefndar frá 7. jan. sl. Fudargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál. Bréf dags. 18. jan. sl., frá Óperustúdíói Austurlands. Styrkbeiðni. Erindi barst frá Óperustúdíói Austurlands um styrk. Málinu vísað til afgreislusveitarstjóra.

5. mál. Snorraverkefni, bréf dags. 23. jan. Málinu vísa til sveitarstjóra til afgreiðslu með sambærilegu sniði og á síðasta ári.

6. mál. Ráðherraskipuð nefnd um aukinn hlut kvenna í stórnámum, bréf dags. 23. jan. sl. Í bréfinu er tilkynnt um námskeið 16.-17. febrúar n.k á Egilsstöðum. Námskeiðið er á vegum félagsmálaráðuneytisins og er um aukinn hlut kvenna í stórnámum. Samþykkt var að sveitarstjórn greiði námskeiðskostnað fyrir þær konur sem telja sér fært að sækja námseiðið og starfa að trúnaðarstörfum á vegum sveitarfélagsins.

7. mál. Bréf dags. 31. jan. sl. frá verkefnisstjóra Staðardagskrár 21 og bréf dags. 24. jan. sl., frá Samtökum ferðaþjónustunnar, varðandi Staðardagskrá 21. Verkefnastjóri Staðardagskrár 21 hvetur til þess í bréfinu að sveitarfélög taki þátt í verkefninu. Einnig er vitnað í Ólafsvíkuryfirlýsingu sem samin var á fundi verkefnistjórnar 12.-13. okt.sl. Sveitarstjóra falið að kanna málið nánar fyrir næsta fund.

8. mál. Skólaakstur, erindisbréf og drög að nýjum samningum. Lögð voru fram drög að erindisbréfi skólabílstjóra og skýrði oddviti nánar hugmyndir um störf og ráðningu skólabílstjóra við skólann. Skólatjóri taldi þetta vera mjög til bóta og hagræðingar fyrir skólann til að byggja á samstarf skólans og bílstjórnanna. Einnig var lagður fram aksturstafti. Fyrirliggjandi drög samþykkt samhljóða. Ennfremur var samþykkt að hreppsnefnd leitist við að láta bjóða leiðir skólabíla út í framtíðinni.

9. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Mótun á nýju sveitarfélagi, fundargerð stjórnsýsluhóps frá 30. jan. sl., bent er á tillögu um fjárframlag sveitarfélaga á móti ríki. Sveitarstjóri skýrði ýmis atriði fundargerðarinnar og taldi að samgöngur væru grundvallar atriði í sameiningu sveitarfélaganna á svæðinu. Fleiri tóku til máls. Mikil umræða var um sameiningamál og komu fram ýmis sjónarmið.

b) Verkefnisstjórn STAR frá 17. jan. sl., lögð fram til kynningar

c) Bréf SSA dags. 30. jan. sl., varðandi stefnu í menningarmálum, ásamt fundargerð fjárfundar varðandi menningarmál. Samningsdrög í vinnslu

d) Fundargerð starfshóps um málefni skólaskrifstofu Austurlands frá 29. jan. sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið